

Símafundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, 09.05. 2017, kl. 15:00 - 16:15.

Mætt: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Hákon Gunnarsson, Erla Ívarsdóttir og Ólafía Jakobsdóttir sem ritar fundagerð.

Formaður svæðisráðs á vestursvæði Heiða Guðný Ásgeirsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

1) Mál frá símafundi svæðisráðs vestursvæðis þann 27. 04. 2017

Svæðisráð vestursvæðis harnar að mistök hafi orðið í nýlegu ráðningarferli þjóðgarðsvarðar á vestursvæði þar sem umsókn eins umsækjanda um starf þjóðgarðsvarðar barst ekki til Capacent og kom þar af leiðandi ekki til umfjöllunar hjá svæðisráði.

Á símafundi svæðisráðs, með framkvæmdastjóra, þann 19.03.2017 var samþykkt eftirfarandi tillaga að verklagi við ráðningu þjóðgarðsvarðar þar sem aðkoma svæðisráðs og framkvæmdarstjóra er skýrð:

„1. Svæðisráð og framkvæmdastjóri sammælast um efni auglýsingar með hliðsjón af tillögum frá starfsmanni Capacent

2. Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir, framkvæmdastjóri safnar umsóknargögnum og sendir Capacent sem forflokkar alla umsækjendur á grundvelli vægi hvers þáttar í hæfniskröfum

3. Forflokkun Capacent á öllum umsækjendum kynnt svæðisráði og framkvæmdastjóra sem staðfesta flokkunina nú eða betrumbæta hana eftir atvikum - þessir aðilar sammælast um boðun X fjölda umsækjenda í símaviðtal

4. Capacent boðar í símaviðtal (1. viðtal) og leitar umsagna uppgefina umsagnaraðila. Í framhaldinu sammælast formaður svæðisráðs, framkvæmdastjóri og starfsmaður Capacent um boðun X margra umsækjenda í viðtal

5. Capacent boðar í viðtal (2. viðtal) sem starfsmaður Capacent, framkvæmdastjóri og formaður svæðisráðsins sitja. Starfsmaður Capacent óskar frekari umsagna meðmælenda gerist þess þörf. Þessir þrír raða sameiginlega þeim umsækjendum sem boðaðir voru í nýja röð (eftir atvikum) á grundvelli viðtals og umsagna meðmælenda

6. Röðunin borin undir svæðisráðið af þessum þremur sem sátu viðtalið. Svæðisráðið fær í hendur öll gögn um þá umsækjendur sem boðaðir voru í viðtal (2. viðtal), þar með taldar umsagnir uppgefina umsagnaraðila

7. Ákvörðun um ráðningu tekin á sameiginlegum fundi svæðisráðs og framkvæmdastjóra, sem býður einum umsækjenda starfið

8. Capacent gengur frá ráðningarferlinu með svörun til annarra umsækjenda en þess sem hlaut starfið“

Svæðisráð vestursvæðis er sammála um allir fulltrúar þess hafi haft í heiðri ofangreint verklag við umfjöllun sína um umsóknir um starf þjóðgarðsvarðar og hafi einnig gætt fyllsta trúnaðar varðandi öll gögn þar að lútandi. Tekið skal fram að starfandi þjóðgarðsvörður og aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á vestursvæði sátu ekki fund svæðisráðsins, í seinna ráðningarferli, þar sem fjallað var um umsóknir um starf þjóðgarðsvarðar.

Svæðisráðið leggur áherslu á að draga eigi lærdóm af þeim leiðu mistökum sem urðu og að endurskoða verði allt ráðningarferli í störf á vegum þjóðgarðsins.

2) Tengsl formanns svæðisráðs vestursvæðis við nýráðinn þjóðgarðsvörð

Varaformaður svæðisráðs á vestursvæði sá alfarið um öll mál sem tengjast ráðningu nýs þjóðgarðsvarðar, þar sem formaður svæðisráðsins var vanhæfur vegna fjölskyldutengsla. Ræða þarf breytingu á verkaskiptingu fulltrúa sveitarfélaganna í svæðisráðinu. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar svæðisráðsins í byrjun júnímánaðar nk.

3) Jörðin Þverá á Síðu

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs hefur hann gengið frá leigusamningi um jörðina Þverá til eins árs, samkvæmt ákvörðun á fundi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs þann 21.03.2017.

4) Önnur mál

Formaður svæðisráðs upplýsti að hönnun gestastofu við Kirkjubæjarklaustur er nú á lokastigi og skóflustunga að byggingunni verður væntanlega tekin síðla sumars eða í haustbyrjun.